



Íbúaráð Kjalarness
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráði frá 17. janúar 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Kjalarnes - Vallá - breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Skurnar ehf., dags. 23. janúar 2023, ásamt bréfi, dags. 23. janúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjölga stæðum fyrir fugla í húsunum í samræmi við kröfur um aðbúnað alifugla, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu ehf. dags. 23. janúar 2023, síðast br. 9. janúar 2024. Tillagan var auglýst frá 11. apríl 2023 til og með 26. maí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Íbúaráð Kjalarness, dags. 21. apríl 2023 og Umhverfisstofnun, dags. 7. júlí 2023. Einnig er lögð og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 16. nóvember 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim tillögum sem koma fram í umsögninni. Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. nóvember 2023
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:
Fulltrúar Sjálfstæðisflokks undirstrika mikilvægi þess að tillit verði tekið til sjónarmiða íbúa á svæðinu sem hafa áhyggjur af neikvæðum umhverfisáhrifum og mögulegum heilsuspillandi áhrifum starfseminnar á íbúa. Tryggja þarf örugga vöktun með hugsanlegri lyktarmengun af völdum stækkunarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:
Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að stækka eigi hæsnabúið svo betur fari um hænsnin. Hætta á notkun búra en á sama tíma á að tvöfalda fjölda fugla. Þetta hlýtur að vera allt í samræmi við dýraverndunarlög- og sjónarmið. Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins sér í gögnum eru helstu athugasemdir um lyktarmengun vegna stækkunar Stjörnueggja. Í ljósi þess að óvissa er um áhrif stækkunarinnar á lyktarmengun telur Umhverfisstofnun rétt að tekið verði tillit til þess við gerð skilmála deiliskipulagsins. Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir það og einnig að gert verði skoðun á á umhverfisáhrifum þegar fram líða stundir sbr. bókun Íbúaráðs Kjalarnes.

Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Þuríður María Guðmundsdóttir

Borgarráð samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi 8. febrúar 2024.

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2023.

Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.